

Ed.

533. Frumvarp

til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Leggja skal viðbótar-tekju- og eignarskatt á skattþegna landsins eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Til grundvallar fyrir skattaálagningu samkv. 1. gr. ber að leggja skattskyldar tekjur árið 1932 og 1933 og eignir í lok sömu ára samkvæmt ákvörðunum skattanefnda (skattstjóra) eða yfirskattanefnda árið 1933 og 1934, með þeim breytingum, sem leiðir af ákvæðum 6. gr. þessara laga um persónufrádrátt.

3. gr.

Tekjuskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., reiknast af skattskyldum tekjum samkvæmt lögum þessum þannig:

Af	2000 kr.	greiðist kr.	40 og 5%	af afgangi, að	3000
—	3000	—	90	7	4000
—	4000	—	160	9	5000
—	5000	—	250	11	6000
—	6000	—	360	13	7000
—	7000	—	490	15	8000
—	8000	—	640	17	9000
—	9000	—	810	18	10000
—	10000	—	990	19	12000
—	12000	—	1370	20	14000
—	14000	—	1770	21	16000
—	16000	—	2190	22	18000
—	18000	—	2630	23	20000
—	20000	—	3090	24	25000
—	25000	—	4290	26	30000
—	30000	—	5590	28	35000
—	35000	—	6990	30	40000
—	40000	—	8490	32	45000
—	45000	—	10090	34	50000
—	50000	—	11790	36	

þvi, sem þar er fram yfir.

4. gr.

Tekjuskattur samkv. lögum þessum sé lagður á alla skattþegna, félög sem einstaklinga. Á félög skal þó aldrei leggja hærri skatt samkvæmt lögum þessum en svo, að samanlagður skattur þeirra samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 74 27. júní 1921, og viðbótarskattur samkvæmt lögum þessum nemi jafnri upphæð og einstaklinga með sömu tekjur.

5. gr.

Eignarskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., leggst á allar skattskyldar eignir og skal vera 100% af þeim eignarskatti, sem lagður verður á þær eignir árið 1933 og 1934 samkv. lögum nr. 74 27. júní 1921.

6. gr.

Áður en fundnar eru skattskyldar tekjur samkv. lögum þessum, ber að draga frá beinum tekjum skattþegna, eins og þær verða ákveðnar árið 1933 og 1934 af skattanefndum (skattstjóra) eða yfirskattanefndum, sem hér segir:

- a) Fyrir einstakling: 1000 kr.
- b) Fyrir hjón: 1800 kr.
- c) Fyrir börn og aðra skylduómaga, sem um ræðir í 13. gr. laga nr. 74 27. júní 1921: 600 kr. fyrir hvern.

7. gr.

Skattanefndir (skattstjóri) annast um álagningu skatts samkv. lögum þessum. Um kærur út af skattálagningu samkvæmt þeim gilda ákvæði laga nr. 74 27. júní 1921 um þau efni.

8. gr.

Innheimtu skatts þess, sem á lagður er samkv. lögum þessum, annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjald-daga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921, og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í rikissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupum þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1935.

Greinargerð.

Ég hefi fyrir nokkru flutt frv. um hámarkslaun, þar sem gert er ráð fyrir, að um þrjú næstu ár verði tekinn til almennra þarfa, í sambandi við kreppuna, kúfurinn af tekjum hátekjumanna. Frv. þetta hefir fengið óvenjulega mikið fylgi kjósenda, en í þinginu hefir einn flokkur algerlega lagzt móti málinu og hyggst að eyða því, án þess að úr verði skorið um það, hvort þingið fylgir raunverulega sömu stefnu og kjósendur um, að nú eigi háu launin að lækka til samræmis við kjör almennings.

Auk þess var frá upphafi gert ráð fyrir, að almennt eignar- og tekjuskattsfrv. yrði að fylgja frv. um hámarkslaun, bæði til að geta hækkað skatt á tekjum neðan við 8000 kr. og til að geta komið fram almennri hækkun á tekjum atvinnufyrirtækjanna, sem frv. um hámarkslaun nær ekki til.

Þetta frv. er borið fram bæði sem óhjákvæmileg viðbót við frv. um hámarkslaun og sem varaúrræði, ef frv. því yrði grandað af fylgismönnum hátekjustefnunnar.

Ég hefi því tekið það ráð að flytja nú óbreytt hið merkasta frv. um hækkun á eignar- og tekjuskatti, sem fram hefir komið á Alþingi, en það er frv. þeirra Ingvars Pálmasonar og Páls Hermannssonar um viðbótar-tekju- og eignarskatt, sem þeir fluttu á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Svo framarlega sem frv. um hámarkslaun nær ekki samþykki, þá er þetta frv. mjög heppilegur grundvöllur fyrir breytingartillögur, sem stefndu að því að koma skatti á háar tekjur, þannig að sem næst væri siglt ákvæðum frv. um hámarkslaun.

Hér á eftir fylgir greinargerð sú, er fylgdi frv. á síðasta þingi.

„Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir verulegri hækkun á tekju- og eignarskatti. Er hækkuninni þannig fyrir komið, að hún kemur meira niður á einhleypum mönnum en fjölskyldumönnum, vegna þess, að persónufrádrátturinn við ákvörðun viðbótarskatts er settur hærri en samkvæmt nügildandi skattalögum. Eins og skattstiginn í frumvarpinu og ákvæði um persónufrádrátt bera með sér, kemur viðbótarskatturinn ekki til greina nema um sæmilegar tekjur sé að ræða. Einhleypir eiga að greiða viðbótarskatt samkvæmt frumvarpinu, ef þeir

hafa minnst 3000 kr. hreinar tekjur, en sá, sem hefir 5 manna fjölskyldu og þar yfir, á að greiða skatt samkvæmt því, ef hann hefir minnst 5600 kr. í hreinar tekjur.

Viðbótarskattur af þessum tekjum nemur samkvæmt frumvarpinu kr. 40.00. Fer viðbótarskattur síðan hlutfallslega hækkandi, eftir því sem um hærri tekjur er að ræða. Fer hér á eftir tafla, er sýnir skattgreiðslur af tekjum manna, ef frumvarp þetta öðlast samþykki. Er í töflu þessari m. a. sýnt, hve miklu viðbótarskatturinn samkvæmt frumvarpinu og skattur samkvæmt núgildandi skattalögum nema samtals, og einnig hvað þeir verða samanlagt að hundradatáli af skattskyldum tekjum samkvæmt þessu frumvarpi:

Nto. tekjur	Fjölsk.	Skattsk. tekjur skv. núg. lögum	Skattsk. tekjur skv. frumv.	Skattur skv. núg. lögum	Viðbótarsk. skv. frumv.	Skattur alls	Skattur alls % af skattsk. tekjum samkv. frumv.
3000	1	2500	2000	32	40	72	3,60
5600	5	3100	2000	45	40	85	4,25
5000	1	4500	4000	92	160	252	6,30
7600	5	5100	4000	117	160	277	6,92
7000	1	6500	6000	192	360	552	9,20
9600	5	7100	6000	229	360	589	9,81
9000	1	8500	8000	332	640	972	12,15
11600	5	9100	8000	381	640	1021	12,76
11000	1	10500	10000	512	990	1502	15,02
13600	5	11100	10000	573	990	1563	15,63
13000	1	12500	12000	732	1370	2102	17,51
15600	5	13100	12000	805	1370	2175	18,12
15000	1	14500	14000	992	1770	2762	19,87
17600	5	15100	14000	1077	1770	2847	20,33
17000	1	16500	16000	1302	2190	3492	21,88
19600	5	17100	16000	1389	2190	3579	22,36
19000	1	18500	18000	1632	2630	4262	23,67
21600	5	19100	18000	1741	2630	4371	24,31
21000	1	20500	20000	2009,50	3090	5099,50	25,49
23600	5	21100	20000	2126,50	3090	5216,50	26,82
26000	1	25500	25000	2987	4290	7277	28,92
28600	5	26100	25000	3107	4290	7297	29,58
31000	1	30500	30000	3992	5590	9582	31,94
33600	5	31100	30000	4118	5590	9708	32,36
36000	1	35500	35000	5047	6990	12037	34,39
38600	5	36100	35000	5179	6990	12169	34,76
41000	1	40500	40000	6152	8490	14642	36,65
43600	5	41100	40000	6290	8490	14780	36,95
51000	1	50500	50000	8457	11790	20247	44,81
53600	5	51100	50000	8601	11790	20391	47,82

Í frumvarpinu er og gert ráð fyrir, að eignarskatturinn verði hækkaður um 100% frá því, sem nú er. Eignarskatturinn er nú mjög lágur. Þannig eru nú

greiddar í eignarskatt af 50 þús. kr. skuldlausri eign 71 kr., og 100 þús. kr. eign 221 kr. Samkvæmt frumvarpinu mundi bera að greiða 142 kr. af 50 þús. og 442 kr. af 100 þús. kr. eign skuldlausri. Geta slíkt eigi talizt háar greiðslur af slíkum eignum.

Ýmsum erfiðleikum er bundið að komast að raun um, hve miklu skattauki samkv. frumvarpi þessu muni nema. Veldur því hvorttveggja, að breytt er um persónufrádrátt frá núgildandi skattalögum, og þó frekar, að eigi verður miðað við skatttekjur manna undanfarin ár, sökum breytinga þeirra á tekjum manna og fjárhagsástæðum yfirleitt, sem orðið hafa á síðastliðnu ári og enn eru eigi til yfirlitsskýrslur um. Ef miðað er við reynslu undanfarinna ára og þá mestu lækkun, sem orðið hefir á tekju- og eignarskatti frá ári til árs, og riflega gert fyrir innheimtuvatnhöldum, eða um helmingi meira en meðalvatnhöld hafa verið síðan núgildandi tekju- og eignarskattslög komu í gildi, ætti tekjuskatturinn, sem álagður er, samkv. gildandi skattalögum á árinu 1932, að reynast innheimtur ca. 720 þús. kr. og eignarskatturinn ca. 180 þús. kr., eða samtals um 900 þús. kr. Ef þessi áætlun er síðan lögð til grundvallar við áætlun um það, hve viðbótar-skatturinn muni nema miklu innheimtur, þá mun nærri lagi að áætla viðbótar-tekjuskattinn samkv. frumvarpinu að meðaltali 160% af tekjuskattinum samkv. núgildandi lögum. Skattstiginn í frumvarpinu er að vísu frá 135%—190% hærri en núgildandi skattstigi, og m. a. s. 190% á þeim tekjum, sem líklegar eru til þess að gefa mikinn skatt. En hér vegur á móti, að töluvert af núverandi skattgreiðendum losnar við að greiða viðbótar-skatt við hækkun persónufrádráttar. Að öllu athuguðu virðist því eigi óvarlegt að reikna með 160% hækkun, eða um 1150 þús. kr. Eignarskatturinn hækkar um 100%, eða um 180 þús. kr., samkv. áætlun um eignarskattinn 1932 hér að framan. Tekjuauki af þessu frumvarpi virðist því eigi óvarlega áætlaður 1330 þús. kr.

Þar sem um verulega hækkun á tekju- og eignarskatti er að ræða samkv. þessu frumvarpi, þótti rétt að setja í frumvarpið heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skattinum, og einnig heimild fyrir hana til þess að ákveða, að haldið skuli eftir hluta af launum manna upp í skattgreiðslur. Geta ákvæði þessi orðið til mikils gagns bæði fyrir ríkissjóð og skattgreiðendur.